



55. fundur.

15. maí 2014 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Hörður Þór Benónýsson

Þórunn Jónsdóttir

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
2. *Endurbætur á Hringvegi í Reykjadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
3. *Laugar í Reykjadal. Hugmyndir að fjölgun íbúðarhúsalóða.*
4. *Fagranes. Byggingarleyfi fyrir frístundahús.*

1. Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna 100 MW_e virkjun.
S20120501

Erindi dags. 30. apríl 2014 frá Herði Arnarsyni þar sem hann sækir um f.h. Landsvirkjunar framkvæmdaleyfi til handa Landsvirkjunar fyrir framkvæmdum við 100 MW_e.

Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsóknin tekur til allra leyfisskyldra framkvæmda sem ekki eru byggingarleyfisskyldar og ekki hefur verið sótt um áður.

Fylgigögn með umsókn:

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi dagsett 29. apríl 2014.

Orkustofnun – Nýtingarleyfi á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, dagsett 28. mars 2014.

Orkustofnun – Nýtingarleyfi á grunnvatni á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, dagsett 25. Mars 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um þegar hann hefur yfirfarið og samþykkt framlögð gögn. Nefndin leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir staðsetningu og frágangi á umferðarleiðum, sem þvera gufulagnir, fyrir búfé og þá sem nýta sér svæðið til útivistar. Einnig leggur nefndin áherslu á að lagnirnar verði merktar til að fyrirbyggja slyshættu vegna vetrarumferðar.

2. Endurbætur á Hringvegi í Reykjadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi. S20140502.

Erindi dags. 14. maí 2014 frá Gunnari H. Guðmundssyni svæðisstjóra Norðursvæðis, f.h. Vegagerðarinnar, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 til endurbóta á Hringvegi í Reykjadal, á kaflanum frá Laugum að Daðastöðum.

Fylgigögn með umsókn eru: Kynningarskýrsla frá Vegagerðinni, dags. í maí 2014.
HRINGVEGUR 1-q8, Endurbætur á Hringvegi í Reykjadal í Þingeyjarsveit, LAUGAR-REYKJADALSÁ.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um þegar hann hefur yfirfarið og samþykkt framlögð gögn.

3. Laugar í Reykjadal. Hugmyndir að fjölgun íbúðarhúsalóða. S20140501

Skipulags- og byggingarfulltrúi kynnir gildandi deiliskipulag fyrir þéttbýliskjarnann á Laugum og eldri hugmyndir að fjölgun íbúðarhúsalóða í landi Laugaskóla. Hugmyndirnar eru í samræmi við stefnu í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 um uppbyggingu eins af þremur þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að leitað verði samkomulags við Fasteignir ríkisjóðs um að gert verði deiliskipulag af nýjum íbúðarhúsalóðum í landi Laugaskóla í samræmi við þær hugmyndir sem kynntar voru á fundinum.

4. Fagranes. Byggingarleyfi fyrir frístundahús.

S20140502

Tekið fyrir að nýju erindi frá Sveinbirni Guðmundssyni en hann sótti um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóð úr landi Fagraness. Húsið hafði áður verið á stöðuleyfi. Byggingarnefnd hafnaði erindinu á fundi sínum 26. ágúst 2009 og sveitarstjórn staðfesti bókun byggingarnefndar á fundi sínum 10. september 2009 og var umsækjanda þá gert að fjarlægja húsið fyrir 1. september 2010. Ákvörðun sveitarstjórnar hefur ekki ennþá verið framfylgt og hefur húsið staðið án leyfis af ýmsum ástæðum síðan.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún endurskoði fyrri ákvörðun sína um að húsið verði fjarlægt og að hún feli byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir frístundahúsinu þegar fullnægjandi göng vegna útgáfu leyfisins hafa borist. Nefndi leggur áherslu á að hér er um einstakt tilvik að ræða sem ekki er fordæmisgefandi og byggist ákvörðun nefndarinnar eingöngu á því hvernig málið hefur þróast á óheppilegan hátt af ýmsum ótilgreindum ástæðum frá fyrri ákvörðun sveitarstjórnar. Þá verði húseiganda gert að greiða fasteinagjöld og önnur tengd gjöld vegna fasteignarinnar frá og með árinu 2009.

Fundi slitið